

MÍT

Vörðupróf II

Þverflauta

Uppbygging Vörðuprófs II við MÍT miðast við uppbygginu framhaldsprófs. Á Vörðuprófi II í þverflautuleik skal nemandi leika tvö verk, eina æfingu og útdrætti úr hljómsveitarverkum. Aðrir prófþættir eru tónstigar og brotnir hljómar, val, og óundirbúinn nótnalestur. Auk þess er gefið fyrir heildarsvip prófsins. Verkefni á Vörðuprófi II skulu almennt miðast við léttari verk úr verkefnalista fyrir framhaldspróf.

Prófþættir

1. Tvö ólík verk (15 einingar hvert)
2. Æfing (15 einingar)
3. Útdrættir úr hljómsveitarverkum (10 einingar)
4. Tónstigar og hljómar (15 einingar)
Leiknir skulu tónstigar frá og með fjórum formerkjum.
5. Val (15 einingar)
Nemandi veli eitt eftirtalinna verkefna:
a) leiki verk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur verk á prófinu
b) leiki samleiksverk þar sem hann gegnir veigamiklu hlutverki.
6. Óundirbúinn nótnalestur (10 einingar)
7. Heildarsvipur (5 einingar)

Verkefni og prófkröfur

Tónstigar og hljómar: frá og með fjórum formerkjum
As, Des, Ges/Fís, H og E dúr tónstigar, gangandi þríundir og þríhljómar leiknir beint og brotið.
f, b, es/dís, gís og cís moll tónstigar laghæfir og hljómhæfir, gangandi þríundir í laghæfum moll og þríhljómar leiknir beint og brotið.
Stækkaðir þríhljómar frá c, cís, d og dís, leiknir beint en ekki brotnir.
Krómatiskur tónstigi frá c'-c''''.

Leikmáti:
Tónstigar og hljómar á tónsviðinu c'-c''''.
Tónstigar og hljómar leiknir eigi hægar en MM=138 miðað við að leiknar séu áttundapartsnótur.
Dúr og moll tónstiga og hljóma frá grunntóni upp á efsta mögulegan þríhljómstón innan tónsviðsins, niður á dýpsta þríhljómstón og aftur upp á grunntón. Í gangandi þríundum er heimilt að fara einn tón upp fyrir efsta mögulegan þríhljómstón og einn tón niður fyrir dýpsta þríhljómstón.
Alla tónstiga og hljóma bundið og slitið og utanbókar.

Æfing

Hljómsveitarstaðir: Tveir hljómsveitarstaðir

Tvö verk: kaflar úr verki eða stutt verk og annað verkið skal leikið utan bókar

Val